

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 3. tbl. 8. árg. 11. febrúar 2014

Myndir augnabliksins eru teknar af heimsíðu Grímseyjarskóla og sýna nemendur í leik og starfi.



Dagur leikskólans

er haldinn 6. febrúar, en þann dag árið 1950 var fyrsta félag leikskólakennara stofnað. Leikskólar landsins hafa á undanförunum árum haldið upp á dag leikskólans með margbreytilegum hætti, reynt að vera sýnilegir, kynnt það fjölbreytta starf sem þar fer fram og þannig stuðlað að jákvæðri umræðu um leikskólastarfið. Leikskólarnir á Akureyri héldu upp á daginn með ýmsu móti.

Lundarsel var með myndlistarsýningu í versluninni Hrisalundi og opið hús var í leikskólanum þar sem hægt var að skoða leikskólann og það mikilvæga starf sem þar fer fram.

Á Pálmholti kepptust börn og starfsfólk um að vera sýnileg og gera eitthvað skemmtilegt. Þaðan fóru deildirnar á mismunandi staði til að gleðja aðra. Farið var í Rauðakrosshúsið og starfsfólkinu þar færð teikning, gengið var í hús í næsta nágrenni og myndum eftir börnin stungið í pósthólfíð með kveðju frá Pálmholti. Falleg mynd sem þau teiknuðu var hengd upp í anddyri Hrisalundar, sungið í Kristjánsbakaríi og Víðihlíð heimsótt og sungið fyrir eldri borgara og þeim færð teikning.



Árlegir útivistardagar í Hlíðarfjalli.

Í febrúar og mars streyma nemendur grunnskóla Akureyrarbæjar í Hlíðarfjall og njóta þess að bruna niður brekkurnar á skiðum, brettum og snjóþotum. Hlíðarfjall býður öllum nemendum grunnskóla Akureyrar upp á þennan dag einu sinni á skólaárinu. Nú þegar eru Glerárskóli og Oddeyrarskóli búnir að fara og svo munu skólarnir fara koll af kalli.

Skólaval – innritun nemenda í 1. bekk grunnskóla.

Í febrúarmánuði fer fram innritun nemenda sem hefja nám í 1. bekk í grunnskólum Akureyrar haustið 2014. Á heimasíðu skóladeildar, <http://www.akureyri.is/skoladeild>, undir hnappnum *Skólaval - grunnskólar*, má finna upplýsingar um grunnskólana á Akureyri, sértæka þjónustu, viðmiðunarreglur um inntöku, rafræn umsóknareyðublöð og fleira.

Hver skóli er með kynningarfund, *opið hús*, fyrir foreldra barna sem hefja nám í grunnskóla haustið 2014 og eru foreldrar hvattir til að notfæra sér það tækifæri.

Kynning/opið hús, verður í grunnskólum Akureyrar í febrúar frá kl. 9:00-11:00:

Glerárskóli og Lundarskóli	11. febrúar
Giljaskóli og Naustaskóli	12. febrúar
Oddeyrarskóli og Síðuskóli	13. febrúar
Brekkuskóli	14. febrúar

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrisey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Giljaskóli - nemendur hefja upp raust sína.

Nokkur undanfarin ár hafa nemendur í 9.-10. bekk staðið fyrir heimatilbúnum málþingum um ýmis málefni. Málþingin eru hluti af íslenskunámi unglínganna með samþættingu annarra námsgreina svo sem þjóðfélagsfræði í 10. bekk. Undirbúningur hefst á haustönn og afraksturinn er svo kynntur á vorönn. Nemendur starfa eftir ákveðnu vinnuferli sem felur í sér hugstormun, heimildavinnu, öflun gagna, úrvinnslu og æfingar í framsögn.

Málþing 9. bekkjar ber yfirskriftina: *Hvað er mikilvægast að nemendur hafi í farteskinu þegar grunnskóla lýkur?* Nemendur gera könnun á viðfangsefninu með því að spyrja fjóra einstaklinga á ólíkum aldri. Þeir draga saman svörin, bera þau saman og reyna að draga ályktanir út frá þeim. Niðurstöðurnar eru kynntar á sal skólans. Nemendur í 10. bekk standa fyrir málþingi sem kallast: *“Unglingavandamál” – Hver er vandinn? Hvað er til ráða?* Nemendur velja á milli nokkurra málefna sem eiga það sameiginlegt að tengjast daglegu lífi unglíngna og vera álitin vandamál sem bregðast þurfi við. Sem dæmi má nefna lélega sjálfmynd, óhóflega tölvunotkun og klámvæðingu. Nemendur setja saman þrískipta umfjöllun um málefnið. Fyrsti hlutinn er almenn umfjöllun. Næst er vandinn greindur. Í lokin reyna nemendur að koma fram með hugmyndir að úrbótum. Reglulega æfa nemendur sig í rökfærslu. Þessa dagana deila nemendur um hvort nemendur í Giljaskóla búi við lýðræði. Nemendum er skipt í tvo hópa. Annar hópurinn er með en hinn á móti. Á myndinni má sjá nemanda reyna að sannfæra andstæðinga sína að nemendur skólans búi við lýðræði.



Skólaorðaforði – 24. febrúar á Akureyri.

Þann 24. febrúar verður boðið upp á námskeið í Skólaorðaförða: Hugtakaskilningur og samræða til náms. Markmiðið með námskeiðinu er að þjálfa kennara í samvinnunámsaðferðum sem dýpka hugtakaskilning nemenda.

Kennarar á námskeiðinu eru Anna Guðrún Júlíusdóttir, kennari í Álfhólsskóla í Kópavogi og höfundur Fjölmenningarvefs barna og annar höfundur Kötluvefjarins og Helga Hauksdóttir, kennsluráðgjafi og fyrirverandi skólastjóri Oddeyrarskóla á Akureyri.

Námskeiðið er þáttakendum að kostnaðarlausu þar sem *Ísbrú-félag kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál* mun ásamt SÍSL verkefninu standa straum af kostnaði vegna námskeiðsins.

Sjá nánar á: <http://akmennt.is/erlendir/>

Árshátíð Oddeyrarskóla

var haldin í lok janúar og þar sýndu allir bekkir atriði. Sýnd voru fjölbreytt atriði, m.a. úr ýmsum sögum og ævintýrum. Góðlátlegt grín var gert að starfsmönnum skólans, nemendur sýndu listir sínar í íþróttum, stíklað var á stóru um vinsælustu hljómsveitir sögunnar og síðast en ekki síst var sýnd uppfærsla nemenda í 10. bekk á atriðum úr Dýrunum í Hálsaskógi. Foreldrafélag skólans styður einstaklega vel við árshátíðina m.a. með því að útvega leikstjóra fyrir 10. bekk og síðan stendur félagið fyrir stórglæsilegu kaffihlaðborði fyrir alla á milli sýninga.

Dagurinn þótti takast í alla staði vel og gaman er að sjá þessar skemmtilegu myndir sem eru teknar af heimasíðu skólans.

Sjá nánar: <http://oddeyrarskoli.is/frabaer-arshatid-afstadin/>



Deildarstjórar í Pálmholti leika Karius og Baktus.

Í tilefni Tannverndardagsins brugðu deildarstjórar í neðra húsi sér í leikbúninga og léku Karius og Baktus. Mikil ánægja var hjá börnunum með þessa uppákomu.



Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 20. febrúar